

# D Ó M U R

Héraðsdóms Suðurlands miðvikudaginn 23. janúar 2019 í máli nr. S-30/2019:

Ákærvaldið

(*Elimar Hauksson fulltrúi*)

gegn

Darius Savickas

(*Sigurður Sigurjónsson lögmaður/Suðurlandi*)

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið mánudaginn 21. janúar sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurlandi þann 17. janúar sl., á hendur Darius Savickas,

„fyrir fíkniefnalagabrot

með því að hafa, þriðjudaginn 27. nóvember 2018, í íbúðarhúsi að Björk 1 í Grímsnes- og Grafningshreppi, haft í vörslu sinni 96 kannabisplöntur [3-70 cm á hæð] er samtals vógu 7769,16 g, 2623,28 g af kannabislaufum og 153,03 g af maríhúana sem lögregla fann við húsleit í umræddu húsi og fyrir að hafa um nokkurt skeið fram til þessa dags ræktað þar framangreindar kannabisplöntur.

Telst brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 4., 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974 með síðari breytingum og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001 með síðari breytingum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upptöku á framangreindum fíkniefnum (efnaskrá lögreglu nr. 39518) og búnaði til ólögætrar ræktunar og meðferðar fíkniefna sbr. munaskrá lögreglu nr. 134105 samkvæmt 6. og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði mætti við þingfestingu málsins, ásamt Sigurði Sigurjónssyni lögmanni sem skipaður var verjandi ákærða að hans ósk. Ákærði viðurkenndi skýlaust að hafa gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Með vísan til skýlausrar játningar ákærða og þar sem dómari taldi ekki ástæðu til að draga í efa að játning hans væri sannleikanum samkvæm var farið með málið í samræmi við ákvæði 1. mgr. 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, eftir að aðilum hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Um málavexti vísast til ákæruskjals. Sannað er að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og þar þykir rétt færð til refsíákvæða. Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar. Samkvæmt

framlögðu sakavottorði hefur ákærði ekki áður sætt refsingu.

Er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði. Að teknu tilliti til hreinskilningslegrar játningar ákærða og þess að hann hefur ekki áður sætt refsingu, þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Þá ber að gera upptæk þau efni og áhöld sem í ákæru greinir með vísun til þeirra ákvæða sem getið er þar.

Með vísan til 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, með síðari breytingum, ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, sem er þóknun skipaðs verjanda ákærða, og þykir hæfilega ákveðin 421.600 kr., að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómar kveður upp dóm þennan.

#### **D Ó M S O R Ð :**

Ákærði, Darius Savickas, sæti fangelsi í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

Gerðar eru upptækar 96 kannabisplöntur, sem samtals vógu 7769.16 g, 2623,28 g af kannabislaufum og 153,03 g af marihuana, sbr. efnaskrá lögreglu nr. 39518.

Gerður er upptækur búnaður til ólögætrar ræktunar og meðferðar fíkniefna, sbr. munaskrá lögreglu nr. 134105.

Ákærði greiði sakarkostnað samtals 421.600 krónur, sem er þóknun skipaðs verjanda, Sigurðar Sigurjónssonar lögmanns, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Sigurður G. Gíslason